

Kæru foreldrar, velkomin í leikskólann Dal

Í Dal er stuðst við skipulag þátttökuaðlögunar. Hún byggist á því að barnið sé að læra að vera á nýjum stað og í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Foreldrar sem þátttakendur öðlast öryggi og ná að fylgjast með því sem á sér stað í leikskólanum og sjá starfsfólk að störfum.

Myndatökur í aðlögun eru bannaðar.

Fyrsti dagur 9:00-11:30. Foreldrar merkja sig og börnin með límmiðum, ath að setja merkimiða barnsins á bakið á þeim. Foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnsins þennan dag, sjá um salernisferðir, gefa þeim að borða og leika við þau. Kennarar skólans er til staðar og skipuleggja daginn.

Annar dagur 9:00-11:30. Foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnsins þennan dag, sjá um salernisferðir, gefa þeim að borða og leika við þau. Þennan dag er útivera þannig að foreldrar þurfa að vera vel klæddir svo að þeir geta farið út með barninu sínu.

Þriðji dagur 9:00-12/13. Sama fyrirkomulag eins og hina dagana nema ef aðstæður leyfa bregða foreldrar sér frá í stutta stund inn á kaffistofu. Foreldrar koma aftur inn á deild í söngstund og mat. Nú bætist við hvíld en ef barn sofnar ekki þá fara foreldrar heim með barnið svo það fái sína daglegu hvíld. Hins vegar ef barn sofnar geta foreldrar valið að fara heim og þá verður hringt þegar barn vaknar (sofa yfirleitt skemur á nýjum stað til að byrja með) eða verið áfram í leikskólanum og spjallað við starfsfólkið/aðra foreldra og kynnt sér starfið.

Fjórdi dagur 8:30-13/14. Barnið kemur í morgunmat og foreldrar kveðja barnið í útivist **ef vel gengur**. Barnið borðar síðan og hvílir sig en hringt er í foreldra ef barn sofnar ekki annars þegar það vaknar.

Fimmti dagur 8:30-14/15. Barnið kemur í morgunmat og foreldrar eru með barninu fyrst um sinn. Ef allt gengur vel geta foreldrar komið og verið með barninu sínu í síðdegishressingu.

Mikilvægt er að foreldrar séu tilbúnir að taka tillit til barnsins og sækja það í fyrra fallinu fyrstu vikurnar á meðan barnið er að aðlagast leikskólanum.

Gott er að vera í góðu sambandi við deildarstjóra hvernig haga skuli dögnum ef eitthvað bregður út af til dæmis ef barn er óöruggt eða verður veikt á aðlögunartíma. Betra er að hafa aðlögunarferlið **lengra** en styttra ef það hentar barninu betur.

Gott er að nýta tímann í aðlögun til að upplýsa starfsfólk um barnið ykkar og spyrja það um starfsemina í skólanum. Foreldrar eru beðnir um að koma með fatnað til útiveru og athuga að hafa **slökkt á farsínum**.

Með bestu kveðju

Sóley Gyða leikskólastjóri

Sonja Margrét aðstoðarleikskólastjóri

